



Maí 2022

HVATARBLAÐIÐ

Ungmennafélagið Hvöt óskar eftir að ráða einstaklinga 18 ára eða eldri til að sinna leikjánaðmskeiði félagsins í sumar.

Um er að ræða 2 vikna náðmskeið fyrir börn á aldrinum 6-10 ára og miðað við að náðmskeiðið sé í júní en möguleiki að semja um nákvæmar dagsetningar.

Áhugasamir sendi umsóknir eða fyrirspurnir á umfhvot@gmail.com
Eða hringja í Guðrúnu Ásu í síma 847-1149



Kveðja
Stjórn Ungmennafélagsins Hvatar

524. fundur 6. apríl 2022 kl. 08:15 - 12:45
Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti leitar afbrigða.
Samþykkt samhljóða

a) Stofnfundur Arnardrangs hses.

1. Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps.

Á fundinn kom ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps, þau Ísold Assa Guðmundsdóttir, Viðar Gauti Jónsson, Matthías Fossberg Matthíasson, Ingibjörg Elka Þrastardóttir og Ásdís Rún Grímsdóttir ásamt starfsmanni þess, Guðrúnu Ásu Kristleifsdóttur. Lagðar voru fram þrjár tillögur ungmennaráðs; Áberandi ruslatunnur í þéttbýlinu Borg. Auknir hátíðardagar og samkomur í sveitarfélaginu. Almenningsamgöngur, biðstöðvar og skýli.

2. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2021.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2021 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mætti Ólafur Gestsson endurskoðandi PwC og fór yfir reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

3. Úthlutun lóða.

Kristján Óðinn Unnarsson lögbókandi mætti á fundinn og var viðstaddur úrdrátt umsækjenda og skrásetti það sem fram fór. Að auki mætti á fundinn Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda og aðveitna.

a) Hólsbraut 2-4 Parhús.

9 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. North 66 properties ehf.
2. Guðmundur S. Guðmundsson.
3. Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir

b) Hólsbraut 6-8 Parhús.

10 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. Premium Properties ehf.
2. Byggðanes ehf.
3. J. Óskarsson ehf.

c) Hólsbraut 10-12 Parhús.

11 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. Zebor ehf.
2. J. Óskarsson ehf.
3. Lögmenn Vesturlandi ehf.

d) Hólsbraut 13-15 Parhús.

9 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. Lögmenn Vesturlandi ehf.
2. Premium Properties ehf.
3. Jón Óskarsson.

e) Hólsbraut 17-19 Parhús.

10 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. Premium Properties ehf.
2. BF verk ehf.
3. Byggðanes ehf.

f) Hraunbraut 1 Einbýlishús.

2 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. Sveinbjörg Guðnadóttir
2. Helgi Jónsson

h) Hraunbraut 4 Raðhús.

Lóðarúthlutun frestað.

i) Hraunbraut 6 Raðhús.

9 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. New design ehf.
2. Premium Properties ehf.
3. Tonic ehf.

j) Hraunbraut 5-7 Fjölbýlishús.

7 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. North 66 properties ehf.
2. Lögmenn Vesturlandi ehf.
3. Guðmundur S. Guðmundsson.

k) Hraunbraut 9-11 Fjölbýlishús.

7 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. New design ehf.
2. Guðmundur S. Guðmundsson.
3. Premium Properties ehf.

l) Hraunbraut 13-15 Fjölbýlishús.

2 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. Lögmenn Vesturlandi ehf.
2. Tonic ehf.

m) Hraunbraut 17-21 Raðhús.

5 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. New design ehf.
2. Lögmenn Vesturlandi ehf.
3. Premium properties ehf.

n) Hraunbraut 31 Einbýlishús.

3 gildar umsóknir voru um lóðina.

Dregið úr gildum umsóknum.

1. Irina B. Ragnarsson.

2. Hannes Þór Arnar.
3. Sveinbjörg Guðnadóttir.

o) Hraunbraut 33 Einbýlishús.
2 gildar umsóknir voru um lóðina.
Dregið úr gildum umsóknum.

1. Sveinbjörg Guðnadóttir.
2. Ársæll H. Guðlaugsson.

p) Hraunbraut 35 Einbýlishús.
5 gildar umsóknir voru um lóðina.
Dregið úr gildum umsóknum.

1. Óskar Guðmundsson.
2. Sveinbjörg Guðnadóttir.
3. Kristján B.K. Þorsteinsson.

q) Hraunbraut 37A/37B Parhús.
5 gildar umsóknir voru um lóðina.
Dregið úr gildum umsóknum.

1. Lögmenn Vesturlandi ehf.
2. New design ehf.
3. North 66 properties ehf.

r) Hraunbraut 39 Einbýlishús.
3 gildar umsóknir voru um lóðina.
Dregið úr gildum umsóknum.

1. Guðni Vilberg Baldursson.
2. Sveinbjörg Guðnadóttir.
3. Álfhildur Þorsteinsdóttir.

s) Hraunbraut 43 Einbýlishús.
4 gildar umsóknir voru um lóðina.
Dregið úr gildum umsóknum.

1. Guðni Vilberg Baldursson.
2. Sveinbjörg Guðnadóttir.
3. Álfhildur Þorsteinsdóttir.

4. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 17. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 28. mars 2022.**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 18. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 23. mars 2022.

Lögð fram 18. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, dagsett 23. mars 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Rædd var útleiga á félagsheimilinu og húsnefndin leggur til að félagsheimilið verði ekki leigt út árið 2022 á almennum markaði. Jafnframt leggur nefndin til að íbúðin í félagsheimilinu verði leigð út sem fyrst til skamms tíma með þeim kvöðum sem fylgja, m.a. ónæði vegna útleigu.

Í ljósi þess að félagsheimilið verður ekki leigt út á almennum markaði árið 2022 samþykkir sveitarstjórn að leigja út íbúðina í félagsheimilinu á almennum markaði til skamms tíma í senn með þeim kvöðum sem fylgja, m.a. ónæðis vegna útleigu félagsheimilisins og bann á dýrahaldi.

c) Fundargerð 32. fundar fjallskilaneftndar, 28. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 236. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 23. mars 2022.

Mál nr. 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16 og 22 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 236. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 23. mars 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: Matsáætlun fyrir gjallnámu í Seyðishólum í Grímsnesi; Umsagnarbeiðni - 2112056.

Lögð er fram beiðni frá Skipulagsstofnun um umsögn er varðar matsáætlun framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda- og áætlana sem tekur til efnistöku úr Seyðishólanámu 30b í landi Klausturhóla. Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu.

Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemd við framlagða matsáætlun sem tekur til efnistöku úr Seyðishólanámu 30b í landi Klausturhóla. Sveitarstjórn telur að innan matsáætlunar sé á fullnægjandi hátt gert greint fyrir valkostum, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismati og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdir innan svæðisins eru háðar útgáfu framkvæmdaleyfis af hálfu sveitarfélagsins og eftir atvikum byggingarleyfa.

Mál nr. 10: Hraunkot; Hraunborgir; Breytt stærð aukahúsa; Deiliskipulagsbreyting – 2203027.

Lögð er fram umsókn frá Sveini Inga Ólafssyni er varðar breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundasvæðis Hraunborga í landi Hraunkots í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í breytingunni felst að heimildir er varðar stærðir aukahúsa eru auknar úr 25 fm í 40 fm. Skriflegt samþykki Sjómannadagsráðs, eigenda Hraunkots, liggur fyrir við umsókn breytinganna.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem fyrir liggur samþykki landeiganda svæðisins fyrir viðkomandi breytingu telur sveitarstjórn ekki þörf á grenndarkynningu enda felst ekki í breytingunni skerðing á núverandi byggingarheimildum innan svæðisins eða aukningu umfram gildandi nýtingarhlutfall.

Mál nr. 11: Umsögn um matsáætlun; Niðurdæling CO2 á Hellisheiði - 2202082.

Lögð er fram beiðni frá Skipulagsstofnun um umsögn er varðar matsáætlun framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 111/2021 og 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda- og áætlana sem tekur til niðurdælingar á CO2 á Hellisheiði.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um

skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemd við framlagða matsáætlun sem tekur til niðurdælingar CO2 á Hellisheiði. Sveitarstjórn telur að innan matsáætlunar sé á fullnægjandi hátt gert greint fyrir valkostum, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismati og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Framkvæmdir innan svæðisins eru háðar útgáfu framkvæmdaleyfis af hálfu sveitarfélagsins og eftir atvikum byggingarleyfa.

Mál nr. 12: Þóroddsstaðir L168295; Álfaskeið; Stofnun lóðar – 2202062.

Lögð er fram umsókn Bjarna Bjarnasonar um stofnun lands úr jörðinni Þóroddsstaðir L168295. Óskað er eftir að stofna 141,5 ha land sem fengi staðfangið Álfaskeið. Aðkoma er frá Laugarvatnsvegi (37) um sameiginlegan aðkomuveg um Álfhól og Álfabrekku eins og sýnd er á uppdrætti. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu landsins skv. uppdrætti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun landsins samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn og gerir ekki athugasemd við staðfangið Álfaskeið.

Mál nr. 13: Apavatn L168269; Skógarbrekkur; Stofnun lóðar – 2202063.

Lögð er fram umsókn Hannesar Lentz um stofnun lands úr jörðinni Neðra-Apavatn L168269. Óskað er eftir að stofna 120 ha land sem fengi staðfangið Skógarbrekkur. Fyrirhugað er að vera með skógrækt á landinu. Aðkoma að landinu er frá Laugarvatnsvegi (37) um reiðveg sem liggur m.a. að skála í Kringlumýri á Lyngdalsheiði. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna fyrir hnitsetningu landsins skv. uppdrætti. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd stofnun landsins samkvæmt fyrirbyggjandi umsókn og gerir ekki athugasemd við staðfangið Skógarbrekkur.

Mál nr. 14: Úfljótswatn L170830; Frístundabyggð; Skilgreining lóða og byggingarreita; Heildarendurskoðun deiliskipulags – 2202007.

Lögð er fram umsókn frá Sameyki-stéttarfélagi í almannapjónustu vegna nýs deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar við Úfljótswatn L170830. Í dag er í gildi deiliskipulagsuppráttur, deiliskipulag frístundabyggðar við Úfljótswatn, dagsettur 16.6.1993. Á því skipulagi var gert ráð fyrir alls 26 húsum, 25 sumarhúsum og svo Úfljótsskála sem áður var þjónustumiðstöð. Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi eldra skipulag og upprættir. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu allt að 29 bygginga, frístundahús og þjónustuhús auk leiksvæða og aðstöðu fyrir tjaldsvæði. Málinu var frestað á 234. fundi skipulagsnefndar, málið lagt fram að nýju með uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um uppfærð gögn um staðföng og málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi.

Mál nr. 15: Minni-Bær land L169227; Giljabakki 1; Stofnun lóðar og nýtt staðfang – 2203040.

Lögð er fram umsókn frá Gluggasmíðjunni ehf. er varðar staðfang nýrrar frístundalóðar úr landi Minni-bæjar lands L169227. Stofnun lóðarinnar byggist á deiliskipulagi svæðisins og óskað er eftir því að staðfang lóðarinnar verði Giljabakki 1.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við staðfang lóðarinnar.

Mál nr. 16: Kiðjaberg lóð 90 L168955; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2201021.

Lögð er fram umsókn frá Bergþóri Jóhannssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis að Kiðjabergi. Áður hefur sveitarstjórn hafnað umsókn vegna stækkunar á byggingarreit lóðarinnar á fundi sínum þann 02.02.22. Í umsótttri breytingu felst breytt lega byggingarreits innan lóðar Kiðjabergs lóð 90. Stærð reitsins helst óbreytt og engar breytingar eru gerðar á skipulagsskilmálum svæðisins. Jafnframt er óskað eftir undanþágu vegna stærðar á aukahúsi á lóð innan lóðarinnar. Áætlun lóðarhafa er að byggt verði nýtt hús á lóðinni og núverandi sumarhús sem er 45,5 fm að stærð fái að standa óbreytt áfram sem aukahús á lóð. Með umsókn er lagður fram rökstuðningur hönnuðar fyrir afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt aðliggjandi lóðum innan skipulagssvæðisins. Sveitarstjórn telur ekki forsvaranlegt að stærð aukahúss á lóð fari umfram heimildir aðal- og deiliskipulags.

Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-161.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. mars 2022.

e) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnespingi (NOS), 24. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnespingi (NOS), 30. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 23. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 21. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Minnispunktar frá fundi með aðildarsveitarfélögum Bergrisans bs., 21. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 15. fundar um svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið, 1. febrúar 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 16. fundar um svæðisskipulag fyrir Suðurrhálendið, 8. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 5. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 13. desember 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 6. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands, 7. febrúar 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð 908. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ný kosningalög nr. 112/2021 tóku gildi 1. janúar 2022. Nýmæli eru í 18. grein í lögum um vanhæfi kjörstjórna í sveitarstjórnakosningum. Miðað við forsendur dagsins í dag og samkvæmt lögum er því öll núverandi kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps vanhæf vegna tengsla við þá einstaklinga sem stefna á framboð.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða eftirfarandi skipan í kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps út kjörtímabilið 2018 – 2022.

Kristín Björg Albertsdóttir, formaður

Kristín Þorfinnsdóttir

Bragi Svavarsson

Til vara:

Valgeir Fridolf Backman

Guðríður Einarsdóttir

Magnús Grímsson

6. Lóðarleigusamningar.

Fyrir liggja nýir lóðarleigusamningar vegna Hraunbrautar 8 og Hraunbrautar 41 en búið var að úthluta lóðunum áður og gengu þær úthlutanir til baka til sveitarfélagsins. Veitt var vilyrði til úthlutunnar lóðanna fyrir gildistöku nýs deiliskipulags fyrir þéttbýlið að Borg og gildistöku reglna um úthlutun lóða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi lóðarleigusamninga.

7. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lagðar fram til seinni umræðu samþykktir um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samþykktir um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps.

8. Samfélagsstefna 2022 – 2024.

Lögð fram að nýju Samfélagsstefna 2022 – 2024 eftir að Heilsu- og tómstundafulltrúi sveitarfélagsins kynnti hana fyrir nefndum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða Samfélagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps 2022 – 2024.

9. Ársreikningur Kvenfélags Grímsneshrepps 2021.

Lagður fram til kynningar ársreikningur Kvenfélags

Grímsneshrepps fyrir árið 2021.

10. Kæra til úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála.

Lögð fram til kynningar stjórnsýslukæra, dagsett 18. mars 2022 þar sem kærð er niðurstaða Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita um að hafna umsókn kæranda á grundvelli þess að útveggir hússins að Illagili 17 og 19 í Grímsnes- og Grafningshreppi, uppfylli ekki leyfilegt hámark U-gildis, sbr. 13.2.2 gr. og 13.3.2 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

11. Styrktarbeiðni til að tryggja rekstrargrundvöll Íslandsdeildar Transparency International.

Fyrir liggur bréf frá Jóhanni Haukssyni formanni stjórnar og Atla Þór Fanndal framkvæmdastjóra Íslandsdeildar Transparency International, dagsett 22. mars 2022. Í bréfinu er óskað eftir styrk 50.000.- til 250.000.- kr. til að tryggja rekstrargrundvöll Íslandsdeildar Transparency International.

Sveitarstjórn synjar samhljóða styrkbeiðninni.

12. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs í flokki II í The Lake House of Úlfjótsvatn.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 17. mars 2022 um umsögn vegna leyfis til reksturs gistiðaðar í flokki II—C Minna gistiheimili í The Lake House of Úlfjótsvatn

*í Grímsnes- og Grafningsshreppi.
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnassýslu.*

13. Römpum upp Ísland.

Lagt fram til kynningar bréf frá Þorleifi Gunnlaugssyni, stjórnarformanni Römpum upp Ísland, dagsett 28. mars 2022 þar sem kynnt er verkefnið Römpum upp Ísland.

14. Bókun stjórnar sambandsins um innleiðingu barnaverndarlaga.

Lögð fram til kynningar bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 30. mars 2022 um innleiðingu barnaverndarlaga.

15. Bókun stjórnar sambandsins um átak um Hringrásarhagkerfið.

Lögð fram til kynningar bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 30. mars 2022 um átak um Hringrásarhagkerfið.

16. Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnsmálaflokka.

Lagðar fram til kynningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 25. mars 2022 viðmiðunarreglur um framlög til stjórnsmálaflokka.

17. Endurskipulagning sýslumannsembætta.

Lagt fram til kynningar bréf frá Jóni Gunnarssyni dómsmálaráðherra, dagsett 21. mars 2022, vegna endurskipulagningar sýslumannsembætta.

18. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 63/2022, „Drög að leiðbeiningum og ramma að áliti sveitarfélaga með undir 250 íbúa um stöðu og getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum“.

*Fyrir liggur til samráðs frá Innviðaráðuneytinu mál nr. 63/2022, „Drög að leiðbeiningum og ramma að áliti sveitarfélaga með undir 250 íbúa um stöðu og getu þeirra til að sinna lögbundnum verkefnum“.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Óskari Sigurðssyni hrl. lögmanni sveitarfélagsins að skila inn umsögn.*

19. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um fjarskipti, 461. mál.

*Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um um fjarskipti, 461. mál.
Frumvarpið lagt fram til kynningar.*

20. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030, 418. mál.

*Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030, 418. mál.
Þingsályktunartillaga lögð fram til kynningar.*

21. Önnur mál.

a) Stofnfundur Arnardrangs hses.

*Fyrir liggur að stofnfundur Arnardrangs hses verður haldinn 13. apríl n.k. í Ráðhúsi Árborgar.
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúi Grímsnes- og Grafningsshrepps á fundinum.*

Auglýsing um kosningar til sveitarstjórnar í
Grímsnes- og Grafningshreppi sem fara fram
laugardaginn 14. maí 2022



Tveir listar eru í kjöri:

E- listi óháðra lýðræðissinna	G- listi Framboðslisti um framsýni og fyrirhyggju
1. Ása Valdís Árnadóttir Oddviti, Bildsbrún 1	1. Ragnheiður Eggertsdóttir Yfirmatráður og verslunarstjóri, Hólsbraut 3
2. Björn Kristinn Pálmarsson Verkamaður, Borgarbraut 5	2. Dagný Davíðsdóttir Proskapjálfi, Hraunbraut 27
3. Smári Bergmann Kolbeinsson Viðskiptafræðingur, Eyvík 1	3. Þorkell Þorkelsson Smiður, Hraunbraut 29
4. Steinar Sigurjónsson Umsjónarmaður umhverfismála, Hólsbraut 18	4. Bergur Guðmundsson Bífvélavirki, Brjánsstöðum
5. Anna Katarzyna Wozniczka Verkefnastjóri, Brún við Írafoss	5. Þórður Ingi Ingileifsson Nemi í byggingartækni, Svinavatni 2
6. Pétur Thomsen Myndlistarmaður, Upphæðum 3	6. Anna María Daniëlsdóttir Umsjónarmaður bókhalds og rekstrar, Efstalandi 12
7. Guðrún Helga Jóhannsdóttir Aðstoðarframkvæmdarstjóri, Kringlu 2	7. Sigurður Yngvi Ágústsson Smiður, Stærri-Bæ 1
8. Guðmundur Finnbogason Verkefnastjóri, Hraunbraut 10	8. Ingólfur Jónsson Verktaki, Hömrum 2
9. Jakob Guðnason Sölumaður, Írafossi	9. Guðjón Kjartansson Bóndi og sölumaður, Vaðnesi
10. Sigriður Kolbrún Oddsdóttir Heldri borgari, Snæfoksstöðum 99	10. Bjarni Þorkelsson Bóndi og kennari, Þórðsstöðum 1

Kjörstaður verður í Stjórnsýsluhúsinu á Borg

Kjölfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Atkvæði verða talin á sama stað strax að kjölfundi loknum.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Kristín B. Albertsdóttir

Kristín Þorfinnsdóttir

Bragi Svavarsson

525. fundur 20. apríl 2022 kl. 09:00 - 11:15 Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Björn Kristinn Pálmarsson
- Steinar Sigurjónsson í fjarveru Ásu Valdísar
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 237. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 13. apríl 2022.

Mál nr. 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27 og 34 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 237. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 13. apríl 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 21: Þórisstaðir land L220557; Ferðapjónustusvæði; Deiliskipulag - 2002002.

Lögð er fram umsókn frá Birgi Leó Ólafssyni er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til Þórisstaða lands L220557. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda fyrir gistihús á um 2,1 ha svæði innan jarðarinnar. Heimilt verður að byggja allt að 15 smáhýsi, þ.e. gistihús undir 40 fm að stærð, ásamt þjónustuhúsi allt að 40 fm. Skilgreindur er einn byggingarreitur fyrir uppbygginguna í heild sinni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 22: Markalækur L192476; Sameining lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2112047.

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting sem tekur til breytingar á deiliskipulagi í landi Syðri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi eftir auglýsingu. Deiliskipulagsbreytingin nær til 2 ha lands, Markalæks L192476, og gerir ráð fyrir sameiningu tveggja lóða í eina lóð ásamt breyttum byggingarheimildum innan svæðisins. Landnúmer er 192476 og helst óbreytt. Skipulagssvæðið er landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi GG og er skráð sem lögbýli sbr. staðfestingu Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsi, allt að 6 gestahúsum og atvinnuhúsnæði. Landið er að hluta ógróinn melur og syðsti hluti þess nýttur sem malarnáma fyrir mörgum árum síðan. Landið er ekki talið hafa verndargildi sökum gróðurs eða jarðfræði. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum skipulagsgögnum. Sveitarstjórn tekur undir framlagðar athugasemdir nággranna að hluta til og telur að skilgreina þurfi með ítarlegri hætti fyrirhugaða uppbyggingu innan svæðisins og hverskonar landbúnaður verði stundaður innan landsins. Landnotkun skal skilgreind á grundvelli meginlandnotkunar. Sé meginlandnotkun viðkomandi svæðis verslun- og þjónusta umfram landbúnað telur sveitarstjórn ástæðu til að skilgreina þá landnotkun innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins eftir auglýsinu vegna framlagðra athugasemda nággranna og felur skipulagsfulltrúa að annast samskipti við skipulagshönnuð og lóðarhafa varðandi málið.

Mál nr. 23: Nesjar L170877 og L170890 (Litla-Hestvík 1 og 2) og Kleifakot L170903; Deiliskipulag - 2204007.

Lögð er fram umsókn frá Gunnari Jónassyni er varðar deiliskipulag lóða Nesja L170877 og 170890 og Kleifarholts L170903. Á lóðunum er gert ráð fyrir byggingareitum sem eru 10 m frá lóðamörkum þar sem heimilt er að reisa ný sumarhús eða stækka þau sem fyrir eru. Ennfremur er heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 fm, þ.e.a.s. ef að engir skúrar eða aukahús eru þar fyrir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 24: Bíldsfell III L170818; Deiliskipulag - 2204008.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Bíldsfells III. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 5 lóða og byggingarreita þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, gestahúsa og útihúsa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 25: Syðri-Brú L168277; Stækkun námu E9b; Aðalskipulagsbreyting - 2204012.

Lögð er fram beiðni um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar stækkun námu E9b að Syðri-Brú L168227. Gert er ráð fyrir því að heildarefnistaka úr námunni geti verið allt að 450.000 m³. Lögð er fram tilkynning um matsskyldu verkefnisins sem send hefur verið Skipulagsstofnun. Óskað er eftir því að stækkun námunnar fari inn í heildarendurskoðun aðalskipulags. Samhliða er óskað eftir heimild fyrir efnistöku úr námunni að 50.000 m³.

Sveitarstjórn hafnar beiðni um að stækkun námunnar í 450.000 m³ fari inn í heildarendurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis vegna efnistöku að 50.000 m³.

Mál nr. 26: Steinar L168288; Svínavatn L168286; Stækkun lands - 2204024.

Lögð er fram umsókn Jóns Ingileifssonar um stofnun viðbótarlóðar úr landi Svínavatns L168286 í þeim tilgangi að sameina við landið Steinar L168288 sem stækkar úr 18.500 fm í 30.241 fm eftir sameiningu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið og gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar eða sameiningu hennar við land Steina L168288 skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 27: Leynir L230589; Leynigata 1 og 2 (Leynirsgata 1 og 2;) Nýr staðvísir innan skipulags - 2204021.

Lögð er fram umsókn Viðhaldsfélagsins ehf um samþykki fyrir nýjum staðvísi innan skipulagsins fyrir frístundasvæði í landi eynis úr Miðengi. Óskað er eftir að aðkomuvegurinn að lóðum merktum nr. 2 og 4 á skipulaginu fái heitið Leynigata eða Leynirsgata til vara og að númer lóðanna verði 1 og 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á staðvísunum skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir samhljóða að aðkomuvegurinn fái staðfangið Leynigata.

Mál nr. 34: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-162.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl 2022.

b) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árneshöfði (NOS), 6. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 54. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfðis, 16. mars 2022.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 54. fundargerð Skólaþjónustu- og Velferðarnefndar Árneshöfðis, dagsett 16. mars 2022. Eftirfarandi dagskrárlíður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1 Tillaga að gjaldskrárhækkun vegna stuðningsfjölskyldna í barnavernd.

Lagt er til að hækkunin verði í samræmi við vísitölu neysluverðs (4, 5%), og fjárhæð fari úr 25.000 kr. í 26.125.-

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

d) Fundargerð 310. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands (SOS), 29. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 2. fundar seyrustjórnar, 30. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 24. fundar stjórnar Byggðasafns Árneshöfða, 11. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árneshöfða, 7. febrúar 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 50. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 1. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 217. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 30. mars 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 580. fundar stjórnar SASS, 1. apríl 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Áskorun til Vegagerðarinnar að breyta flokkun Sólheimavegar (354) úr tengivegi í stofnveg.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skorar á Vegagerðina að breyta flokkun Sólheimavegar (nr. 354) úr tengivegi í stofnveg. Í A-lið 2. mgr. 8.gr. laga nr. 80/2007 (vegalög) er fjallað um Stofnvegi en þar segir: „Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna eins og það er skilgreint í samgönguáætlun hverju sinni. Til stofnvega teljast vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með um það bil 100 íbúa eða fleiri.“

Í þéttbýlinu á Sólheimum búa um 100 íbúar, þar af eru 45 fatlaðir íbúar með langvarandi stuðningsþarfir. Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess að samgöngur til og frá Sólheimum séu góðar allt árið um kring. Í vetur voru aðstæður á Sólheimavegi ítrekað svo slæmar vegna hálku og snjóá að starfsfólk Sólheimar átti í miklum vandræðum með að komast til vinnu. Skjólstæðingar félagsþjónustunnar á Sólheimum þurfa að geta treyst á að starfsfólk komist til vinnu en jafnframt er mikilvægt að aðgengi neyðarbíla sé tryggt allt árið um kring, sjö daga vikunnar. Með vísan til þess sem að framan greinir skorar sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps á Vegagerðina að breyta flokkun vegarins úr tengivegi í stofnveg.

3. Rökstuðningur fyrir fasteignamati á Finnheiðarvegi 15 frá Þjóðskrá Íslands.

Fyrir liggur bréf frá Sigurði Jónssyni sérfræðingi hjá Þjóðskrá Íslands, dags. 31. mars 2022, þar sem færður er rökstuðningur fyrir breyttu fasteignamati eignarinnar Finnheiðarvegs 15. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að kæra niðurstöðu endurmats Þjóðskrár Íslands til yfirfasteignamatsnefndar. Lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., falið að vinna málið áfram.

4. Tilkynning um kæru nr. 79/2022 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur tilkynning um kæru nr. 79/2022 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem kærð er sú ákvörðun sveitarstjórnar að breyta lóðarstærð og tilgangi lóðarinnar að Hraunbraut 2 (F220-7325).

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl., ásamt Birni Kristni Pálmarsyni og Smára Bergmann Kolbeinssyni að vinna málið áfram.

5. Styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Jökli.

Fyrir liggur styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Jökli, nýstofnuðu sameiginlegu hestamannafélagi uppsveitanna, þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 500.000 á þessu ári og síðan árlega kr. 1.000.000 á árunum 2023-2026.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða styrkbeiðni félagsins og að gerður verði samningur til fimm ára um styrkveitingar, ráðstöfun styrks og réttindi og skyldur aðila. Oddvita falið að skrifa undir samninginn.

Ragnheiður Eggertsdóttir vék sæti við afgreiðslu málsins.

6. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 2022.

Fyrir liggur að aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 2022 verður haldinn mánudaginn 25. apríl í Fjölheimum á Selfossi, ásamt því að hægt verður að sitja fundinn í formi fjarfundar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

7. Ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga 2021.

Fyrir liggur ársskýrsla Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2021. Lagt fram til kynningar.

8. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitinga í flokki II í Golfskálanum Öndverðarnesi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 13. apríl 2022 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitinga í flokki II - Veitingaleyfi-C Veitingastofa og greiðasala í Golfskálanum Öndverðarnesi (F 220-7200) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu.

9. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 79/2022, „Viltu taka þátt í að einfalda regluverk og bæta þjónustu hins opinbera?“.

Fyrir liggur til samráðs frá Innviðaráðuneytinu mál nr. 79/2022, „Viltu taka þátt í að einfalda regluverk og bæta þjónustu hins opinbera?“.

Lagt fram til kynningar.

10. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 68/2022, „Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um girðingar meðfram vegum nr. 930/2012, með síðari breytingum“.

Fyrir liggur til samráðs frá Innviðaráðuneytinu mál nr. 68/2022, „Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um girðingar meðfram vegum nr. 930/2012, með síðari breytingum“.

Lagt fram til kynningar.

11. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 590. mál.

Fyrir liggur beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 590. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði mánudaginn 2. maí kl. 9.00.



Kjörfundur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kjörfundur vegna Sveitarstjórnarkosninga fer fram
laugardaginn 14. maí 2022

Kosið verður í stjórnarsýsluhúsinu á Borg í fundarsal
sveitarstjórnar á 2. hæð.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00

Kjósendur geri grein fyrir sér með því að framvísa
persónuskilríkjum með mynd.

Atkvæði verða talin á sama stað strax að kjörfundi loknum.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

SAMFÉLAGSSTEFNA GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS 2022-2024

Sveitarstjórn hefur nú samþykkt samfélagsstefnu sveitarfélagsins. Hugmyndin að henni kom fyrst upp vorið 2018 og vinna við hana hófst árið eftir. Við gerð stefnunnar var reynt að fá álit sem flestra í samfélaginu og var það gert með íbúafundi, fundi með nemendum í grunnskólanum og með því að leggja stefnuna fyrir ráð og nefndir í sveitarfélaginu.

Í stefnunni er reynt að taka á helstu málefnum sveitarfélagsins og hvernig við getum notað þessi málefni til að gera samfélagið okkar enn betra. Við gerð stefnunnar var einnig horft til þess að í þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu er talað um að markmið slíkrar stefnu skuli m.a. fela í sér „Að skapa góðar forsendur til þess að ala upp börn (hér á landi) og skapa góð uppvaxtarskilyrði fyrir öll börn svo þau fái notið þess öryggis sem þau þarfnast. Með því verði stuðlað að sjálfbærnu samfélagi sem styður við jákvæða þróun, efnahag og lýðheilsu“.

Stefnan er nú aðgengileg á heimsíðu sveitarfélagsins.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur

vellíðan fyrir alla



**Tökum að
okkur STÓR og
smá verk:**

**jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.**

Féðgaverk

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

VERZLUNIN
BORG

**Opnunartími
1.mái - 1.september**

**Mánudag - fimmtudag
8:30 - 18:30**

**Föstudag
8:30 - 20:00**

**Laugardag
9:00 - 20:00**

**Sunnudag
10:00 - 18:00**

VEL HEPPNUÐ ÞEMAVIKA



Fyrr í apríl var þemavika í
grunnskóladeildinni. Þemað að þessu sinni
var Harry Potter og breyttum við skólanum í
Hogwarts - skóla galdra og seiða.

Nemendur fengu uglupóst í
foreldrasamtölum rúmri viku áður en þemavikan hófst þar sem
nemendum var tilkynnt að þau hefðu hlotið skólavist í
Hogwarts.


Nemendum og kennurum var skipt niður á heimavistirnar
fjórar, Ravenclaw, Hufflepuff, Slytherin og Gryffindor. Dagarnir
byrjuðu á heimavistunum þar sem nemendur unnu að ýmsum
verkefnum og bjuggu til skreytingar.

Eftir kaffi og frímínútur fóru nemendur í kennslustundir í minni
hópum. Kennslustundirnar voru Skrímslafræði og spádómar,
Galdrakóðun, Þrautir, Galdraleikir, Galdrar og seiði, Uglupóstur
og Quidditch.

Eftir hádegi fóru nemendur í muggatíma samkvæmt
muggatöflunum sínum.

Nemendur söfnuðu stigum fyrir heimavistirnar sínar og í lokin
vann ein heimavist heimavistarbikarinn útfrá þessum stigum.
Gefin voru stig fyrir að búa til bindi í litum heimavistarinnar,
merki heimavistar, töfrasprota, galdrahatta og
Hogwartsmálverk, skrifa frétt í Spámannstíðindi, æfa
galdrapulur, vinna í kastalahefti, finna styrkleika og stofnendur
heimavistarinnar. Einnig voru gefin stig fyrir hjálpsemi, góða
umgengni og kurteisi ásamt fleiru.

Þemavikan endaði á opnu húsi fyrir foreldra og börnin á
leikskóladeildinni þar sem nemendur sýndu þeim afrakstur



E-LISTINN



Við viljum sjá þig

10.
maí

Fundur - Eldri borgarar

E-listinn býður eldri borgurum í
spjall á bókasafninu á Borg
þriðjudaginn 10. maí kl. 10:30

11.
maí

Léttar veitingar

E-listinn býður upp á spjall og
veitingar í Félagsheimilinu Borg
þann 11. maí kl. 19

14.
maí

Kosningavaka

E-listinn verður með
kosningavöku í Félagsheimilinu
Borg þann 14. maí kl. 20

Skólaslit Kerhólsskóla verða
föstudaginn 3. júní n.k.
Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Sumarblóm og opni dagurinn.

Við munum opna sumarblómasöluna 16.maí og verður eftir það opið alla daga frá 10-16.

Þann 21.maí verður svo okkar árlegi opni dagur með kaffi og smakki á brauði frá GK bakaríi og áleggi krydduðu með kryddjurtum og vörum frá Á Ártanga.



**Hlökkum til að sjá ykkur.
Allir velkomnir**



HEYRÚLLUPLAST FLOKKUN TIL ENDURVINNSLU

Árlega eru um 2000 tonn af heyrúlluplasti flutt til landsins. Til að koma í veg fyrir urðun á öllu þessu plasti og auka hlut endurvinnslu leggur Úrvinnslusjóður úrvinnslugjald á plastið, sem fæst endurgreitt þegar því er skilað til orku- eða endurvinnslu. Úrvinnslugjaldið gerir það að verkum að hægt er að senda plastið til endurvinnslu. Það plast sem Íslenska Gámafélagið safnar er sent til endurvinnslu. **Mikilvægt er að plastið sé hreint og laust við hey, net, bönd og aðra aðskotahluti þegar því er safnað því óhreint plast hentar ekki til endurvinnslu og endar því með almennu sorpi í urðun.** Gott er ef bændur geta haft plastið klárt í körum eða á nokkuð hreinlegum stað. Eftir að heyrúlluplastið hefur verið sótt til bænda, er það flutt í flokkunarstöðvar Íslenska Gámafélagsins þar sem það er pressað í bagga og flutt til endurvinnslu. Afurð endurvinnslunnar eru litlar plastkúlur sem nýttar eru sem hráefni til framleiðslu á nýjum plastafurðum. Íslenska Gámafélagið býður upp að leigja ílát fyrir plastið ef áhugi er fyrir hendi og er hægt að hafa samband við þau annars vegar í síma 577-5757 eða með tölvupósti á igf@igf.is fyrir nánari upplýsingar.

Hér má finna leiðbeiningar um það hvernig best sé að ganga frá heyrúlluplastinu á einfaldan hátt frá Íslenska Gámafélaginu. [Flokkun heyrúlluplast](#) | [Grímsnes- og Grafningshreppur](#) (gogg.is)



X-G Framboðslisti um framsýni og fyrirhyggju



G-listinn heldur opinn framboðsfund í félagsheimilinu Borg mánudaginn 9. maí kl: 20:00
Kaffiveitingar – Hlökkum til að sjá ykkur

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður vill þakka þeim sem sýndu okkur stuðning með komu sinni á Kótilettukvöldið hjá okkur þann 22. apríl síðastliðinn.

Enn fremur þeim aðilum sem studdu við bakið á okkur með happadrættis vinningum: Byko, Fontana, Ferningar, Húsasmiðjan, Kayakferðir, Kaffi Krús, Minni Borgir, Pylsuvagninn á Selfossi, Sundlaugin á Borg

Bestu sumar kveðjur !



Lionsklúbburinn Skjaldbreiður.

GK BAKARÍ

**10% AFSLÁTTUR
GEGN FRAMVÍSUN MIÐANS**

**AUSTURVEGUR 31
800 SELFÖSS**

GK BAKARÍ 
f GK BAKARÍ



Ungmennafélagið Hvöt



	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
13:30-14:30				Körfubolti yngri - Florijan
14:15-15:15			Fótbolti eldri - Valdimar	
14:30-15:30	Krakkablað - Gása			Körfubolti eldri - Florijan
15:15-16:00			Fótbolti yngri - Valdimar	
15:30-16:30				
16:30-17:30				Blak - fullorðnir - GÁsa
19:30-21:00	Körfubolti - fullorðnir	Fótbolti - fullorðnir		Körfubolti - fullorðnir



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN




Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar í maí:

Mánudaga 8:15 til 12:00 og 15:30 til 16:30

Þriðjudaga 10:00 til 12:00 og 15:30 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 til 13:30 og 15:30 til 16:30

Kvöldopnun:

Miðv. 4. maí frá 19:30 til 22:00 – **Hannyrðakvöld**

Fimmtudaginn 5. maí frá 19:30 til 21:30

Fimmtudaginn 19. maí frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2022

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlánsþing glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.


Hannyrðakvöld

4. maí kl. 19:30

á Bókasafni Grímsnes og Grafningshrepps.

Endilega kíkið og hafið með ykkur handverk.

Allir velkomnir.



Heldriborgaraferð 16. júní 2022

Skráningar í síma:

863-9503 hjá Hildi.

898-4428 hjá Sigríði Jóns.



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319

Íþróttamiðstöðin Borg

Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf
frá 1. júní til 21. ágúst. 2022
(lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
 - Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálpar og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálpar og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknnum skal skila til forstöðumanns
Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is.
Umsóknarfrestur er til 12. maí 2022

Nánari upplýsingar gefur
Rut Guðmundsdóttir í síma 899-8841.



Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2022

24. mars	Aðalfundur
30. apríl	Ársfundur SSK
2. maí	Vorganga í yndisskógi á Borg
14. maí	Kosningakaffi
24. maí	Vorfundur
2. júní	Vorganga og fögnuður í Mörkinni
10.-12. júní	Sumarþing NKF
16. júní	Heldriborgaraferð
17. júní	Fjallikonan
Júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
3.-5. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
6. ágúst	Grímsævintýri
7. sept.	Haustfundur/Gróðursetning
28. okt.	Grímuball
Nóv.	Jólabíngó
23. nóv.	Jólafundur



*Kæru félagskonur, endilega takið dagana
frá og merkið í dagatalið.*



Vorgöngur Kvenfélags Grímsneshrepps:

2. maí kl. 20:00

Yndisskógur á Borg -
hittumst við Félagsheimilið Borg.

2. júní kl. 18:00

Mörkin og nágrenni -
hittumst við sumarhúsið

Fljótsbakka 20.

Allir velkomnir



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14-21:30

Föstudaga **LOKAÐ**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is